

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/30****2023/EES/8/46****frá 29. október 2021**

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB að því er varðar
beitingu grunnkráfnanna sem um getur í d-, e- og f-lið 3. mgr. 3. gr. þeirrar
tilskipunar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 3. mgr. 3. gr., í tengslum við d-, e- og f-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vernd netkerfisins eða virkni þess gegn skaða, vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs notanda og áskrifanda og vernd gegn svikum eru þættir sem styðja vernd gegn netöryggisáhættu.
- 2) Eins og fram kemur í 13. forsendu tilskipunar 2014/53/ESB má auka vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs notanda og áskrifenda að þráðlausum fjarskiptabúnaði og vernd gegn svikum með tilteknum aðgerðum í þráðlausum fjarskiptabúnaði. Samkvæmt þeirri forsendu ætti þráðlaus fjarskiptabúnaður því, þegar við á, að vera hannaður á þann hátt að hann styðji þær aðgerðir.
- 3) Fimmta kynslóð netkerfa (5G) mun gegna lykilhlutverki í þróun stafræns hagkerfis í Sambandinu og samfélaginu á komandi árum og mun mögulega hafa áhrif á nánast alla þætti lífs borgara í Sambandinu. Í skjalinu sem ber yfirskriftina „ESB-verkfærakassi með ráðstöfunum til að milda áhættu í tengslum við netöryggi 5G“ (e. *Cybersecurity of 5G networks EU Toolbox of risk mitigating measures*) ⁽²⁾ er tilgreint mögulegt sameiginlegt safn ráðstafana, sem getur mildað helstu áhættuþætti í tengslum við netöryggi 5G, og gefnar leiðbeiningar um val á ráðstöfunum sem ætti að forgangsraða í mildunaráætlunum á landsvísu og á vettvangi Sambandsins. Auk þeirra ráðstafana er afar mikilvægt að fylgja samhæfðri nálgun við grunnkröfur að því er varðar vernd netöryggisþátta sem gildir um þráðlausan 5G-fjarskiptabúnað þegar hann er settur á markað í Sambandinu.
- 4) Það öryggisstig sem gildir samkvæmt grunnkröfum Sambandsins, sem settar eru fram í d-, e- og f-lið 3. mgr. 3. gr., til að tryggja vernd netkerfis, ráðstafanir varðandi vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs og vernd gegn svikum skal ekki grafa undan því öflugra öryggisstigi sem krafist er á landsvísu fyrir dreifstýrt snjallnet á sviði orkumála þar sem nota á snjallmæla sem falla undir þær kröfur og fyrir 5G-netbúnað sem er notaður meðal veitenda almennra, rafrænna fjarskiptaneta og rafrænnar fjarskiptabjónustu sem er aðgengileg öllum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 ⁽³⁾.
- 5) Fjölmargar athugasemdir hafa einnig komið fram í tengslum við aukna netöryggisáhættu vegna aukinnar notkunar sérfræðinga og neytenda, þ.m.t. barna, á þráðlausum fjarskiptabúnaði sem: i. getur átt samskipti yfir netið, án tillits til þess hvort samskiptin séu bein eða í gegnum einhvern annan búnað („nettengdan þráðlausan fjarskiptabúnað“), þ.e. slíkur nettengdur búnaður notar samskiptareglur sem eru nauðsynlegar til að skiptast á gögnum við netið, annaðhvort beint eða með hjálp millibúnaðar; ii. getur annaðhvort verið leikfang með þráðlausa fjarskiptavirkni sem fellur einnig undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB ⁽⁴⁾ eða er hannaður eða eingöngu ætlaður til barnagæslu, eins og barnagaumtæki; eða iii. er hannaður eða ætlaður, annaðhvort einvörðungu eða ekki einvörðungu, til að bera á sér, óla fast á sig eða hengja á einhvern hluta mannslíkamans (þ.m.t. höfuð, háls, bol, handleggi, hendur,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 7, 12.1.2022, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 317/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjórnartíð. ESB L 153, 22.5. 2014, bls. 62.

(2) Cybersecurity of 5G networks – EU Toolbox of risk mitigating measures, 29. janúar 2020. <https://ec.europa.eu/digital-singlemarket/en/nis-cooperation-group>

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjórnartíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Stjórnartíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1).

fótleggi og fætur) eða fatnað (þ.m.t. hvers konar höfuðfat, hanskar/vettlingar og skófatnaður) sem einstaklingar bera á sér, eins og þráðlaus fjarskiptabúnaður í formi armbandsúra, hringa, armbanda, heyrnatóla, eyrnatóla eða gleraugna („þráðlaus fjarskiptabúnaður sem hafður er á sér“).

- 6) Hvað þetta varðar ætti að telja hvers konar þráðlausan fjarskiptabúnað til barnagæslu, þráðlausan fjarskiptabúnað sem tilskipun 2009/48/EB tekur til eða þráðlausan fjarskiptabúnað, sem hafður er á sér, og getur átt samskipti yfir netið, án tillits til þess hvort búnaðurinn eigi samskipti á beinan hátt eða í gegnum annan búnað, vera nettengdan þráðlausan fjarskiptabúnað. Ígræði ættu t.d. ekki að teljast vera þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem hafður er á sér, þar sem viðkomandi ber þau ekki á sér og þau eru hvorki óluð föst né hengd á einhvern hluta mannslíkamans eða fatnað. Hins vegar ættu ígræði að teljast vera nettengdur þráðlaus fjarskiptabúnaður ef þau geta átt samskipti yfir netið, án tillits til þess hvort þau samskipti séu bein eða í gegnum annan búnað.
- 7) Með hliðsjón af þeim athugasemdum sem hafa komið fram um að þráðlaus fjarskiptabúnaður tryggi ekki vernd gegn netöryggisá hættu er nauðsynlegt að grunnkröfur tilskipunar 2014/53/ESB, sem tengjast vernd gegn skaða á netkerfi, vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs notenda og áskrifenda og vernd gegn svikum, gildi um tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar.
- 8) Tilskipun 2014/53/ESB gildir um vörur sem uppfylla skilgreininguna á „þráðlausum fjarskiptabúnaði“ í 2. gr. þeirrar tilskipunar, sbr. þó tilteknar undanþágur sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar. Jafnvel þótt skilgreiningin á þráðlausum fjarskiptabúnaði í 2. gr. tilskipunar 2014/53/ESB vísi til búnaðar sem getur átt samskipti með hátíðnibylgjum gera engar kröfur í tilskipun 2014/53/ESB greinarmun á þráðlausri virkni og annarri virkni þráðlauss fjarskiptabúnaðar og því ættu allir þættir og hlutar búnaðarins að vera í samræmi við grunnkröfurnar sem kveðið er á um í þessari framseldu reglugerð.
- 9) Að því er varðar skaða á netkerfi eða virkni þess eða misnotkun á nettílföngum getur óásættanleg skerðing þjónustu stafað af nettengdum þráðlausum fjarskiptabúnaði sem tryggir ekki að netkerfi verði ekki fyrir skaða eða misnotkun. Árásaraðili getur t.d. valdið yfirflæði í netkerfinu af illum ásetningi til að hindra lögmæta netumferð, trufla tengingar á milli tveggja fjarskiptavara, og getur þar með hindrað aðgang að þjónustu, aðgang tiltekins einstaklings að þjónustu, truflað þjónustu við tiltekið kerfi eða einstakling eða truflað upplýsingaflæði. Þannig getur skerðing nettengdrar þjónustu haft í för með sér netárásir af illum ásetningi sem leiða til aukins kostnaðar, óþæginda eða áhættu fyrir rekstraraðila, þjónustuveitendur eða notendur. Ákvæði d-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, þar sem þess er krafist að þráðlaus fjarskiptabúnaður skaði hvorki netið né virkni þess og valdi því ekki heldur að nettílföng séu misnotuð, sem hefur þar með í för með sér óásættanlega skerðingu þjónustu, ættu því að gilda um nettengdan þráðlausan fjarskiptabúnað.
- 10) Athugasemdir hafa einnig komið fram hvað varðar vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs notanda og áskrifanda að nettengdum þráðlausum fjarskiptabúnaði vegna getu þess þráðlausa fjarskiptabúnaðar til að taka upp, geyma og deila upplýsingum, ásamt því að eiga samskipti við notandann, þ.m.t. börn, þegar hátalarar, hljóðnemar og aðrir nemar eru innbyggðir í þann þráðlausan fjarskiptabúnað. Þær athugasemdir tengjast einkum getu þess þráðlausa fjarskiptabúnaðar til að skrá myndir, myndbönd, staðbindingu gagna, gögn sem tengjast upplifun leiks, ásamt hjartsláttartíðni, svefnvenjum eða öðrum persónuupplýsingum. Til dæmis er hægt að fá aðgang að þróuðum stillingum á þráðlausan fjarskiptabúnaðinum með því að nota sjálfgefið aðgangsorð ef tengingin eða gögnin eru ekki dulkóðuð eða ef strangt sannvottunarferli er ekki fyrir hendi.
- 11) Því er mikilvægt að nettengdur þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem er settur á markað í Sambandinu, hafi innbyggðar verndarráðstafanir til að tryggja vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs þegar búnaðurinn hefur getu til vinna úr persónuupplýsingum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽⁵⁾,

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

eða gögnum sem eru skilgreind í b- og c-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ⁽⁶⁾. Ákvæði e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB ættu því að gilda um nettengdan þráðlausan fjarskiptabúnað.

- 12) Þar að auki, að því er varðar vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, skapar þráðlaus fjarskiptabúnaður til barnagæslu, þráðlaus fjarskiptabúnaður sem fellur undir tilskipun 2009/48/EB og þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem hafður er á sér, öryggisáhættu, jafnvel þótt nettenging sé ekki fyrir hendi. Hægt er að hlera persónuupplýsingar þegar þráðlaus fjarskiptabúnaðurinn sendir frá sér eða móttækur hátíðnibylgjur og skortir verndarráðstafanir sem tryggja vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Þráðlaus fjarskiptabúnaður til barnagæslu, þráðlaus fjarskiptabúnaður sem fellur undir tilskipun 2009/48/EB og þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem hafður er á sér, geta vaktað og skráð til lengri tíma fjölda viðkvæmra (persónulegra) upplýsinga um notandann og endursent þær með fjarskiptatækni sem gæti verið ótrygg. Þráðlaus fjarskiptabúnaður til barnagæslu, þráðlaus fjarskiptabúnaður sem fellur undir tilskipun 2009/48/EB og þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem hafður er á sér, ættu einnig að tryggja vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs þegar búnaðurinn hefur getu, í skilningi 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, til að vinna úr persónuupplýsingum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, eða umferðar- og staðsetningargögnum, eins og skilgreint er í b- og c-lið 2. gr. tilskipunar 2002/58/EB. Ákvæði e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB ættu því að gilda um þann þráðlausa fjarskiptabúnað.
- 13) Að því er varðar svik er hægt að stela upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum, úr nettengdum þráðlausum fjarskiptabúnaði sem tryggir ekki vernd gegn svikum. Tilteknar tegundir svika varða nettengdan þráðlausan fjarskiptabúnað þegar hann er notaður til að framkvæma greiðslur yfir netið. Kostnaðurinn getur verið mikill og snertir ekki aðeins einstaklinginn, sem verður fyrir svikunum, heldur einnig samfélagið í heild (t.d. kostnaður vegna lögreglurannsóknar, kostnaður vegna þjónustu við brotaþola, kostnaður vegna málarekstrar til að staðfesta hver beri ábyrgð). Því er nauðsynlegt að tryggja trúverðug viðskipti og lágmarka hættu á fjárhagstjóni notenda nettengds þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem framkvæmir greiðsluna í gegnum þann þráðlausa fjarskiptabúnað, og viðtakanda greiðslunnar sem er framkvæmd í gegnum þann þráðlausa fjarskiptabúnað.
- 14) Nettengdur þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem er settur á markað í Sambandinu, ætti að styðja aðgerðir til að tryggja vernd gegn svikum þegar hann gerir handhafa eða notanda kleift að millifæra peninga, peningagildi eða sýndarfé, eins og skilgreint er í d-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/713 ⁽⁷⁾. Ákvæði f-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB ættu því að gilda um þann þráðlausa fjarskiptabúnað.
- 15) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ⁽⁸⁾ er mælt fyrir um reglur um lækningatæki og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 ⁽⁹⁾ er mælt fyrir um reglur um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi. Í bæði reglugerð (ESB) 2017/745 og (ESB) 2017/746 er fjallað um tiltekna netöryggisáhættuþætti sem tengjast áhættuþáttunum sem fjallað er um í d-, e- og f-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB. Þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem önnur hvor þeirra reglugerða gildir um, ætti því ekki að falla undir þá flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem ættu að uppfylla grunnkröfumnar sem settar eru fram í d-, e- og f-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/713 frá 17. apríl 2019 um baráttu gegn svikum og fölsun annarra greiðslumiðla en reiðufjár og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2001/413/JHA (Stjtið. ESB L 123, 10.5.2019, bls. 18).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EEB og 93/42/EEB (Stjtið. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtið. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

- 16) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 ⁽¹⁰⁾ eru ákvarðaðar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja og kerfa þeirra og íhluta. Til viðbótar er meginmarkmið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 ⁽¹¹⁾ að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningssflugi í Sambandinu. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/520 ⁽¹²⁾ er enn fremur mælt fyrir um skilyrði fyrir rekstrarsamhæfi rafrænna vegatollkerfa og að greitt sé fyrir upplýsingaskiptum yfir landamæri í tengslum við vanefndir á greiðslu veggjalda í Sambandinu. Í reglugerðum (ESB) 2019/2144 og (ESB) 2018/1139 og tilskipun (ESB) 2019/520 er fjallað um netöryggisáætluþætti sem tengjast áhættuþáttunum sem settir eru fram í e- og f-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB. Þráðlaus fjarskiptabúnaður sem reglugerðir (ESB) 2019/2144 og (ESB) 2018/1139 eða tilskipun (ESB) 2019/520 gildir um ætti því ekki að falla undir þá flokka eða tegundir fjarskiptabúnaðar sem ættu að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í e- og f-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB.
- 17) Í 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB er kveðið á um grunnkröfur sem rekstraraðilar skulu uppfylla. Til að auðvelda mat á samræmi við þær kröfur er í tilskipuninni kveðið á um fyrirframætlað samræmi fyrir þráðlausan fjarskiptabúnað sem uppfyllir valfrjálssa samhæfða staðla sem eru samþykktir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ⁽¹³⁾ í því skyni að ákvarða ítarlegar tækniforskriftir fyrir þær kröfur. Í forskriftunum er tekið mið af og fjallað um áhættustigið sem samrýmist fyrirhugaðri notkun hvers flokks eða hvernar tegundar þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem þessi reglugerð varðar.
- 18) Rekstraraðilar ættu að fá nægan tíma til að aðlagast kröfum þessarar reglugerðar. Því ætti að fresta beitingu þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð á ekki að koma í veg fyrir að rekstraraðilar uppfylli ákvæði hennar frá þeim degi sem hún öðlast gildi.
- 19) Framkvæmdastjórnin hefur haft viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur að því er varðar ráðstafanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð og hefur haft samráð við sérfræðingahópinn um þráðlausan fjarskiptabúnað (e. *Expert Group on Radio Equipment*).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Grunnkrafan, sem sett er fram í d-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB skal gilda um hvers konar þráðlausan fjarskiptabúnað sem getur átt samskipti yfir netið, óháð því hvort samskiptin eru bein eða í gegnum einhvern annan búnað („nettengdan þráðlausan fjarskiptabúnað“).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009, (ESB) nr. 406/2010, (ESB) nr. 672/2010, (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 1005/2010, (ESB) nr. 1008/2010, (ESB) nr. 1009/2010, (ESB) nr. 19/2011, (ESB) nr. 109/2011, (ESB) nr. 458/2011, (ESB) nr. 65/2012, (ESB) nr. 130/2012, (ESB) nr. 347/2012, (ESB) nr. 351/2012, (ESB) nr. 1230/2012 og (ESB) 2015/166 (Stjúd. ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjúd. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/520 frá 19. mars 2019 um rekstrarsamhæfi rafrænna vegatollkerfa og um að greiða fyrir upplýsingaskiptum yfir landamæri í tengslum við vanefndir á greiðslu veggjalda í Sambandinu (Stjúd. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 45).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EEB og 93/15/EEB og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EEB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjúd. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

2. Grunnkrafan, sem sett er fram í e-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, skal gilda um eftirfarandi þráðlausan fjarskiptabúnað, ef sá þráðlausi fjarskiptabúnaður hefur getu, í skilningi 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, til að vinna úr persónuupplýsingum, eins og skilgreint er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, eða umferðar- og staðsetningar-gögnum, eins og skilgreint er í b- og c-lið 2. gr. tilskipunar 2002/58/EB:

- a) nettengdan þráðlausan fjarskiptabúnað, þó ekki búnaðinn sem um getur í b-, c- eða d-lið,
- b) þráðlausan fjarskiptabúnað sem er hannaður eða eingöngu ætlaður til barnagæslu,
- c) þráðlausan fjarskiptabúnað sem fellur undir tilskipun 2009/48/EB,
- d) þráðlausan fjarskiptabúnað sem er hannaður eða ætlaður, annaðhvort einvörðungu eða ekki einvörðungu, til að bera á sér, óla á sig eða hengja á eitthvað af eftirfarandi:
 - i. einhvern hluta mannslíkamans, þ.m.t. höfuð, háls, bol, handleggi, hendur, fótleggi og fætur,
 - ii. hvers konar fatnað, þ.m.t. höfuðfat, hanska/vettlinga og skófatnað, sem einstaklingar bera á sér.

3. Grunnkröfurnar, sem settar eru fram í f-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, skulu gilda um hvers konar nettengdan þráðlausan fjarskiptabúnað, ef sá búnaður gerir handhafa eða notanda kleift að millifæra peninga, peningagildi eða sýndarfé, eins og skilgreint er í d-lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/713.

2. gr.

1. Þrátt fyrir 1. gr. skulu grunnkröfurnar, sem settar eru fram í d-, e- og f-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, ekki gilda um þráðlausan fjarskiptabúnað sem önnur hvor eftirfarandi lagagerða Sambandsins gildir einnig um:

- a) reglugerð (ESB) 2017/745,
- b) reglugerð (ESB) 2017/746.

2. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. 1. gr. skulu grunnkröfurnar, sem settar eru fram í e- og f-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, ekki gilda um þráðlausan fjarskiptabúnað sem einhver af eftirfarandi lagagerð Sambandsins gildir einnig um:

- a) reglugerð (ESB) 2018/1139,
- b) reglugerð (ESB) 2019/2144,
- c) tilskipun (ESB) 2019/520.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.